

# HJARTAVERND



2. tölublað 8. árgangur 1971

## EFNI:

Skurðaðgerðir við  
kransæðaþrengslum  
**Hjartabréðing**  
Frá Hjartasjúkdóma-  
félagi íslenzkra lækna  
Ársskýrsla Rannsókn-  
arstöðvar Hjarta-  
verndar  
Tveggja forvígis-  
manna Hjartaverndar  
minnzt

Verð kr. 25.00



# SJÚKRA- OG SLYSA- TRYGGING er hagkvæm fyrir alla



Nokkur hætta fylgir öllum  
störfum og því er hverjum  
nauðsynlegt að vera **VEL** tryggður.  
Það nýjasta í tryggingaþjónustu  
Samvinnutrygginga er **SJÚKRA- OG**  
**SLYSATRYGGING.**

Hlutverk hennar er að bæta tekjumissi af völdum  
sjúkdóma og slysa. Hún greiðir, á þann hátt veikinda-  
daga í allt að þrjú ár, örorkubætur vegna slysa og  
sjúkdóma og dánarbætur af völdum slysa. Með viðbótar liftryggingu er hver og  
einn **VEL** tryggður.

Við viljum sérstaklega benda á hagkvæmni þessarar tryggingar fyrir þá, sem reka  
sjálfstæðan atvinnurekstur og verða fyrir tekjumissi, ef veikindi eða slys ber að  
höndum. Ennfremur er hún hagkvæm fyrir þá, sem einhver laun fá, en missa þau  
t.d. eftir 1—3 mánuði.



Leitið nánari upplýsinga um þessa nýju tryggingaþjónustu okkar.

## SAMVINNUTRYGGINGAR

ÁRMÚLA 3 SÍMI 38500



Gunnar Gunnlaugsson, læknir:

## Skurðaðgerðir við kransæðaþrengslum

VART mun þurfa að útskýra fyrir lesendum Hjartaverndar, hversu alvarlegs eðlis kransæðaþrengsli eru, en þau stafa af því, sem í daglegu máli er nefnt æðakölkun.

Allir vita líka, að í hjartanu eru fjögur hölf. Í lífferaheitum Jóns Steffensens eru hölf þessi nefnd vinstri og hægri hjartahöll og vinstri og hægri

hjartaslegill. Þessi nöfn eru bæði fallegri og valda síður ruglingi en heiti þau, sem fyrir voru, þ. e. framhólf og afturhólf. Má einfaldlega tala um höll og slegil, og eru sleglarnir þau hólfin, sem kröftugast slá.


Kransæðarnar eru slagæðar þær, sem flytja næringu til hjartavöðvans. Þær eru fyrstu æðarnar, sem greinast

frá ósæðinni, eftir að hún kemur úr vinstra slegli. Meginkransæðarnar eru tvær, hægri og vinstri, en þær skiptast síðan í margar greinar, sem ganga til hinna ýmsu hluta hjartavöðvans. (Mynd 1).

Næringsfrekasti hluti hjartans eru veggir vinstra slegils, þar sem það er hann, sem pumpar blóðinu út í ósæðina og þar með út í slagæðakerfi líkamans. Stórar æðagreinar, venjulegast frá báðum kransæðum, ganga því til þessa hluta hjartavöðvans. Kransæðaþrengsli valda minnkuðu blóðrennslu og þar með næringarskorti í vöðvnum og skerða hæfni vinstra slegils til þess að dæla blóði.

Sjúkdómseinkenni koma fyrst fram við áreynslu og lýsa sér með verk fyrir brjósti, sem kallaður hefur verið hjartakeisa. Með auknum æðaþrengslum minnkar áreynsluþolið, menn hætta smátt og smátt að geta unnið og verða ef til vill rúmfastir. Skyndileg lokun á meiri háttar kransæð veldur aftur á móti hjartaslagi, og enda þótt margir lifi slíkt af, er hjartaslag algengasta dauðaorsök í þjóðfélagi okkar í dag.

Vísindamenn vinna að því að finna orsakir æðakölkunar og aðferðir til þess að hindra, að kransæðaþrengsli myndist. Heilbrigtr lífarni, hæfileg áreynsla og sérstakt mataræði eru talin hafa áhrif í þessa átt. Of seint er þó fyrir sjúkling, sem kominn er með



1. mynd: Myndin sýnir kransæðarnar, þær sem þær koma úr ósæðinni og kvílast síðan til hinna ýmsu hluta hjartavöðvans.

sjúkdómseinkenni vegna kransæðaþrengsla, að bíða eftir að slíkar fyrirbyggjandi lækningaaðferðir finnist. Venjulegast er þá gripið til lyfjameðferðar og ágæt lyf eru til, sem draga úr hjartakveisu og hjartabilun og stilla óreglu á hjartaslætti. Þegar sjúkdómurinn kemst á hærra stig, hætta lyf þessi þó oft að verka að meira eða minna leyti. Þegar svo er komið, er skurðaðgerð helzta von um bata.

Langt er orðið síðan skurðlæknar fyrst reyndu að verða að liði í baráttunni við kransæðasjúkdóma. Ekki verður hér farið út í sögulegt yfirlit, en minna má á, að fyrir 35 árum byrjaði Claude Beck að gera aðgerðir, sem miðuðu að því að skapa samgróninga milli gollurhúss og hjarta í þeirri von, að æðar yxu þá inn í hjartavöðvann. Árið 1959 fann dr. Mason Sones við Cleveland sjúkrahúsíð í Ohio upp aðferð til að taka kvikmyndir af kransæðum, sem valdið hefur gjörbyltingu á þessu sviði. Guðmundur Oddsson, læknir, lýsti þessari rannsóknaraðgerð í fyrsta tölublaði Hjartaverndar 1970.

Allmargar skurðaðgerðir á þessu sviði hafa komið fram síðan á dögum Beck, en fæstar þeirra hafa haldið velli. Í dag koma varla til greina nema eftirtaldar þrjár aðgerðir, og hafa tvær þær fyrrnefndu þó að mestu leyti vikið fyrir þeirri þriðju.

#### BEINAR AÐGERDIR Á KRANSÆÐ

Þessar aðgerðir eru yfirleitt fólgunar í því að opna æðina og nema burtu stífluna eða þá að setja bót á æðina til þess að víkka hana, en oft er hvort tveggja gert. Gallinn við aðgerðir af þessu tagi er, að þær eru aðeins framkvæmanlegar í sárafáum tilfellum, þegar þrengslin eru mjög vel afmörkuð og heppilega staðsett. Þessi aðferð hefur því litla þýðingu fyrir allan fjölda sjúklinga. Sama er að segja um nýlega aðferð, þar sem æðastíflur eru fjarlægðar með þrýstilofti, að ekki

þykir ráðlegt að reyna slikt nema í sérstökum tilfellum.

#### VINEBERGS AÐFERÐ


Pessari aðferð, sem kennd er við kanadískan skurðlækni, hefur áður verið lýst í Hjartavernd. Aðgerðin er í sem stytzu máli fólgin í því, að losað er um slagæðar, sem liggja niður með bringubeini innanverðu, og þær eru síðan þræddar blæðandi inn í hjartavöðvann. Samkvæmt kennungum Vinebergs eiga svo með tímanum (þ. e. á nokkrum mánuðum) að myndast nýjar æðar, sem tengjast kransæðunum, en ekki er gert ráð fyrir, að sjúklingurinn fái neinn bata strax.

Vinebergsaðgerð og afbrigði af henni er hægt að gera á flestum sjúklingum með hjartakveisu án hjartabilunar. Gallinn er sá, að enda þótt í viss-

um tilvikum hafi verið hægt að sýna fram á slíkar nýmyndanir á æðum með kvíkmyndatöku, þá er algengara að nýjar æðar komi ekki fram, og blóðrennsli í gegnum þær er talið vera takmarkað; veruleg reynsla er komin á þessa aðferð og hefur tíminn þótt leiða í ljós, að aðeins tiltölulega lítt hópur sjúklinga fái verulegan bata. Með tilkomu framhjáveituðgerðanna, sem lýst verður hér á eftir, hefur Vinebergs aðgerðin að mestu lagzt niður, enda þótt sumir skurðlæknar í vissum tilfellum sameini þessar aðgerðir og frámkvæmi þær báðar á sama sjúklingi.

#### FRAMHJÁVEITUÐGERÐIN

Þetta er langmerkasta skurðaðgerð, sem komið hefur fram við kransæðaþrengslum. Hún er í aðalatriðum í því fólgin, að tekinn er bútur úr bláæð



2. mynd: Myndin sýnir þrengsli ofarlega í hægri kransæð. Græðlingur hefur verið tengdur annars vegar í ósæðina, hins vegar í kransæðina neðan þrengsla. Blóðinu er á þann hátt veitt úr ósæðinni fram hjá þrengslunum.

neðan af læri og annar endi hans tengdur við kransæðina fyrir neðan þrengslin, en hinn endinn tengdur beint við ósæðina. Blóði frá ósæðinni er þar með veitt framhjá þrengslunum. (Mynd 2). Æðabútinn mætti nefna græðling, enda er oft talað um, að nýjar kransæðar séu græddar í sjúklinginn með þessu móti.

Aðgerðir af þessu tagi byrjuðu tveir ungar bandarískir skurðlæknar að gera árið 1967 og hafa þær nú að mestu leyti leyst fyrri aðgerðir af hólmi. Hefur komið í ljós, að hægt er að gera þær á verulegum fjölda sjúklinga, kankske allt að helmingi allra sjúklinga með meiri háttar kransæðasjúkdóm. Ekki er þó hægt að dæma um, hvort við-komandi sjúklingur er skurðtækur, nema að teknar séu nákvæmar kvikmyndir af kransæðum hans fyrst.

Framhjáveituaðgerðin hefur það

sameiginlegt með flestum góðum skurðaðgerðum, að hugsunin, sem hún hvílir á, er einföld, t. d. miklu einfaldari en hin torskilda kenning Vinebergs um nýmyndun æða. Mynd 3 sýnir hjarta, sem tveir græðlingar hafa verið settir í. Takið eftir, að þrátt fyrir útbreidd þrengsli í báðum kransæðum, kemst blóðið rétta boðleið eftir græðlingunum til veggja vinstra slegils, sem samsvarar skyggða svæðinu á myndinni. Slegillinn fær því næga næringu, og líklegt er, að áreynsluþol sjúklingsins aukist, hann losni við sína hjarta-kveisu og verði einkennalaus.


Æðakölkunin er oftast nær í efri hluta kransæðanna, en þegar neðar dregur eru kransæðaveggir eðlilegir. Þarf því oft að tengja græðlingana í æðar, sem aðeins eru um 2 mm eða jafnvel minna að innanmáli. Þetta sýnir sig að vera hægt, en er að sjálf-

sögðu mikið vandaverk. Er sjúklingurinn tengdur við hjarta-lungna vélina, meðan á aðgerð stendur. Gerir það skurðlækninum kleift að stöðva hjartað, meðan fingerðasti saumaskapurinn fer fram, en græðlingarnir eru saumaðir í með mjög fingerðum, en sterkum þræði.

Árangur af þessari skurðaðgerð hefur fram að þessu þótt góður. Enda þótt margir sjúklingarnir hafi verið langt leiddir, er þeir voru skornir upp, hafa dauðsföll í sambandi við aðgerðina ekki verið fleiri en við aðra hjarta-uppskurði. Kvíkmyndataka 1—2 árum eftir aðgerð hefur sýnt, að langflestir græðlinganna haldast opnir og gegna sínu hlutverki ágætlega. Sjúklingarnir losna við sjúkdómseinkenni sín strax eftir uppskurðinn. Þeir skurðlæknar, sem mestu reynslu hafa í þessu efni, eru nú jafnvel farnir að skera upp sjúklinga, sem fengið hafa bráða kransæðastiflu og hjartaslag.

Þrátt fyrir þetta verður að hafa í huga, að skurðaðgerð sem þessi leysir ekki allan vanda. Hún gerir t. d. ekkert til að hindra, að æðakölkunin haldi áfram í kransæðunum og að sjálfsögðu geta ný þrengsli myndazt. Hinir íhaldssamari meðal lækna halda því fram, að varla sé komin nægileg reynsla, til þess að árangur aðgerðarinnar geti skoðað í réttu ljósi. Pessum læknum fer þó fækkandi með ári hverju, enda hafa nú þúsundir sjúklinga undirgengið þessa aðgerð vestanhafs.

Að lokum má geta þess, að eins og kunnugt er, eru hér á landi hvorki til tæki til kvíkmyndunar á kransæðum eða til hjartauppskurða. Nákvæm kvíkmyndun á kransæðum er tæknilega mikið vandaverk, og auk þess er fólgin í því mikil vinna, þar sem hver rannsókn tekur 2—3 tíma auk undirbúnings og úrvinnslu. Áður en íslenzkir læknar ráða yfir þeirri tækni, sem þarf til kransæðavíkmyndunar, koma að sjálfsögðu engir uppskurðir af þessu tagi til greina hérlendis.



3. mynd: Þrátt fyrir útbreiddar kalkanir og þrengsli í báðum kransæðum, fer blóðið rétta boðleið eftir græðlingunum til veggja vinstra slegils, sem samsvarar skyggða svæðinu á myndinni. Vinstra slegill er næringarfrekasti hluti hjartans og blóðrennslisstorkur til hans veldur hjartakeisu og stundum hiartabilun.

Kjartan Pálsson, læknir:

## HJARTAÐRÆÐING

Í JANÚARMÁNUÐI 1970 var tekin í notkun rannsóknarstofa í hjartaþræðingum í nýbyggingu Landspítalans. Við það opnuðust möguleikar til nákvæmari greiningar á hjartasjúkdómum og einnig bætt aðstaða til notkunar á hjálpártækjum, svo sem hjartagangráð (pacemaker), fyrir sjúklings með leiðslurof í hjarta.

Síðan rannsóknarstofan var opnuð, hafa verið gerðar 122 hjartaþræðingar til að greina hjartasjúkdóma og þar að auki um 60 þræðingar til þess að leggja hjartagangráð í sjúklinga með leiðslurof í hjarta.

Upphaf hjartaþræðinga má rekja til ársins 1929, er þýkur læknir, Forssman að nafni, þræddi slöngu inn í bláeð á framhandlegg og þaðan inn í hægra forhólf. Þetta vakti mikla athygli á sínum tíma og einkum vegna þess, að Forssman gerði þessa fyrstu þræðingu á sjálfum sér. Hjartaþræðingar hófust fyrir alvöru árið 1941, er læknarnir Cournand og Ranges í Bandaríkjum tóku upp og endurbætta þessa aðferð til greiningar á hjartasjúkdómum. Öruggt má telja, að þessi nýja rannsóknaraðferð hafi lagt grundvöllinn að nútíma þekkingu á starfsemi hjartans og blóðrásarkerfisins í heild. Samhliða þessari nýju þekkingu á starfsháttum hjartans og nákvæmari greiningu á hjartasjúkdómum þróuðust hinar fjölmörgu og flóknu skurðaðgerðir, sem valdið hafa algjörri byltingu í meðferð hjartasjúkdóma. Þessar sömu grundvallaraðferðir eru notaðar á rannsóknarstofum enn þann dag í dag, þar sem áhrif lyfja og ýmissa hjartaaðgerða eru rannsökuð. Við þessar tilraunir eru að sjálfsögðu aðallega notuð tilraundýr, einkum hundar. Á síðari árum hafa þessar rannsóknir

aðallega beinzt að kransæðunum og hjartavöðvanum sjálfum, en áður vöktu hvers konar meðfæddir hjartasjúkdómar og áunnir lokugallar mesta athygli.

Eins og fram hefur komið, er hjartaþræðing fyrst og fremst rannsóknaraðferð, sem fólgin er í því, að þrædd er mjó slanga (catheter) inn í hin ýmsu hólf hjartans og stóru æðarnar (lungnáslagæðina og ósæðina) til þess að mæla blóðrennsli og þrýsting.

Hvenær á að gera hjartaþræðingu? Nú skal gerð grein fyrir því í aðalatriðum:

- 1) Til nákvæmrar greiningar á augljósum hjartasjúkdómi og mats á starfshæfni hjartans.
- 2) Til þess að ganga úr skugga um, hvort hjartasjúkdómur sé til staðar (þ. e. a. s. þegar sjúkdómsgreining er óviss).
- 3) Þegar í ráði er að framkvæma skurðaðgerð vegna hjartagalla og þá einkum til að útiloka, að fleiri gallar séu til staðar.
- 4) Til þess að fylgjast með gangi hjartasjúkdóms, þegar skurðaðgerð hefur verið frestað af einhverjum ástæðum.
- 5) Til að meta áhrif lyfja á vissar tegundir hjartasjúkdóma.
- 6) Til endurmats á sjúklingum eftir skurðaðgerð vegna hjartagalla.
- 7) Til þess að taka röntgenmyndir af lungnáslagæðum sjúklinga með blóðtappa í lungum.
- 8) Til rannsóknar á kransæðum.

Við hjartaþræðingar eru notuð margvísleg flókin og dýr tæki og verða aðeins þau helztu talin upp hér:

- 1) Fullkomið röntgentæki með sjónvarpsskermi, kvík-myndatökuvél og myndsegulbandi.
- 2) Tæki til þrýstingsmælinga í hinum ýmsu hjartahólfum og æðum ásamt skrifara, sem ritar niðurstöðurnar á pappír.
- 3) Tæki til að mæla súrefnismettun blóðs.
- 4) Tæki til mælinga á sýrustigi, súrefnis- og koltvísýringsþrýstingi í blóði.
- 5) Tæki til mælinga á súrefnisinnihaldi útöndunarlofts frá sjúklingum.

## HJARTAVERND

ÚTGEFANDI: HJARTAVERND, LANDSSAMTÓK  
HJARTA- OG ÆÐAVERNDARFÉLACA Á ÍSLANDI  
RITSTJÓRAR:


SNORRI P. SNORRASON LÆKNIR OG NIKULÁS SIGFÚSSON LÆKNIR  
AFGREIÐSLA BLAÐSINS: SKRIFSTOFA HJARTAVERNDAR,  
AUSTURSTRÆTI 17, VI. HÆÐ – SÍMI 19420

PRENTAD Í ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJU H.F.

- 6) Sérstök loftknúin sprauta til inndælingar á röntgenskuggagjafa inn í blóðrásina.
- 7) Tæki til svokallaðra litarkúrfurannsókna ásamt litlum rafreikni (computer).

Pegar gera skal hjartaþræðingu, er venja að leggja sjúklinginn á sjúkrahúsið tveimur dögum áður en rannsókn fer fram. Þetta er nauðsynlegt til þess að fá ýmsar grundvallarrannsóknir svo sem blóðpróf, hjartarit, hjartahljóðrit og röntgenmynd af hjarta og lungum. Hjartaþræðing er venjulega gerð í staðdeyfingu, enda sársaukalítíl að jafnaði. Hægri þræðing er það kallað, er þrætt er inn í hægri helming hjartans og lungnaslagæðina, en vinstri þræðing, er þrætt er inn í ósæðina og vinstri hjartahelming. Hægri þræðing er gerð þannig, að opnuð er bláeð á handlegg eða í nára. Slanga er síðan þrædd inn í æðina og í röntgenskyggningu inn í stóru bláeðarnar, hægra hjarta og lungnaslagæðina. Prýstingsmælingar og súrefnismælingar eru gerðar á áðurnefndum stöðum. Ef þurfa þykir, er síðan dælt inn skuggagjafa og teknar kvíkmyndir eða röntgenmyndir af hjartinu og stóru æðunum. Vinstri þræðing er gerð þannig, að opnuð er slagæð á handlegg eða í nára, annaðhvort með skurðaðgerð eða með sérstakri nál. Slanga er síðan þrædd inn í ósæðina og vinstra hjarta og framkvæmdar mælingar á sama hátt og við hægri þræðingu.


Ef um er að ræða meðfædda hjartasjúkdóma, er oft nauðsynlegt að dæla sérstökum litarefnum eða C-vítamíni inn í hjartað. Þessi aðferð er mjög nákvæm til þess að finna op milli forhólfanna eða afturhólfanna og þar með blóðrennsli á milli hægri og vinstri helnings hjartans.



Hjartaþræðing.

Helztu upplýsingar, sem fást við venjulega hjartaþræðingu eru þessar:

- 1) Prýstingur í hinum ýmsu hjartahólfum og æðum.
- 2) Súrefnismettun blóðsins á sömu stöðum.
- 3) Hvort um sé að ræða blóðrennsli milli hægri og vinstri hjartahólfra (á ekki að vera til staðar).
- 4) Hvort um sé að ræða þrengsli eða leka í hjartalokum.
- 5) Hvort æðarnar tengjast hjartahólfinu á réttan hátt og hvort gallar séu á æðunum.
- 6) Hve miklu blóðmagni hjartað dælir á tímaeiningu (lítrar/mínútu).
- 7) Heildarmótstaða í lungnaæðum og slagæðum.
- 8) Samdráttarhæfni hjartans með beinum mælingum eða óbeint með því að meta samdrátt hjartans á kvíkmynd (cine angiography).
- 9) Hvort um sé að ræða vansköpun á hjartalokum eða kalk í þeim.
- 10) Hvort hjartabilun sé til staðar.
- 11) Ástand kransæðanna, sem flytja næringu til hjartavöðvans.



Hjartaþræðing.

Til að framkvæma hjartaþræðingu þarf hóp af vel þjálfuðu starfsliði. Þræðingunni stjórnar að jafnaði hjartasérfræðingur með eins til tveggja ára sérþjálfun að baki. Auk hans eru venjulega til hjálpar tveir aðrir læknar, og er annar þeirra sérfræðingur í röntgenlækningum. Auk læknanna þarf hjúkrunarkonu, röntgenhjúkrunarkonu og a. m. k. tvo tæknimenntaða einstaklinga. Allt þetta fólk þarf að vinna saman eins og ein heild, eigi þræðing að ganga snurðulaust. Venjuleg hægri og vinstri hjartaþræð-

ing ásamt röntgenmyndatöku tekur um tvær klukkustundir, en hægri þræðing án myndatöku um hálfa klukkustund. Meðan á þræðingu stendur, er sjúklingur tengdur við rafsjá (monitor), svo að hægt sé að fylgjast með hjartsláttartruflunum, sem kunna að koma fyrir. Alvarlegar hjartsláttartruflanir eru fátíðar og hætta venjulega, ef slangan er fjarlægð úr hjartanu. Verulegir fylgikvillar við hjartaþræðingu eru sjaldgæfir, enda er vakað nákvæmlega yfir öllum viðbrögðum sjúklinganna, meðan á rannsókn stendur. Sérstaklega skal varast að hafa slöngu í slagæð lengur en eina klukkustund vegna hættu á myndun blóðsega, sem stíflað getur aðina. Komi sílkt fyrir, er það venjulega ekki alvarlegs eðlis, einkum ef um er að ræða slagæð á handlegg. Stíflist hins vegar aðalslagæðin í nára, þarf alltaf að losa blóðsegann úr aðinni, og er það gert með sérstökum áhöldum, sem þrædd eru inn í aðina.

Sjúklingar eru oftast útskrifaðir daginn eftir þræðingu og geta þá þegar tekið upp sín fyrri störf.

Augljóst er, að hjartaþræðingar verða gerðar í mjög auknum mæli í framtíðinni, og á ég hér við þræðingar til nákvæmra rannsókna á kransæðum. Síkar rannsóknir eru undirstaða þess, að hægt verði að beita hinum nýju skurðaðgerðum, sem þróazt hafa á síðustu árum, til aðgerða á sjúkum kransæðum. Í þessum málum verður nú þegar að hefjast handa, og liggur þá fyrst fyrir að koma á fót hjartaskurðeilda, sem framkvæmi þessar aðgerðir. Petta er knýjandi nauðsyn, vegna þess að sjúkrahús erlendis geta ekki veitt okkur þessa þjónustu sökum annríkis

heima fyrir. Auk þess er nú þegar þörf á slíkri skurðeilda til þess að tengja nokkurs konar gervihjörtu við sjúklinga með bráða kransæðastíflu og lifshættulega hjartabilun. Með því að beita slíkum tækjum er hægt að léttar starf hins sjúka hjarta um stundarsakir, jafnvel í nokkra sólarhringa. Því aðeins er hægt að nota þessi hjálpartæki, að hið sjúka hjarta gegni starfi sínu að nokkru leyti. Hér er því ekki um að ræða hjartaskipti, heldur hjartaaðstoð um stundarsakir.

Talið er, að sjúklingar deyi óhjákvæmilega úr kransæðastíflu, ef 40% eða meira af hjartavöðvanum verður óstarfhæfur. Fljóttlega eftir að stór kransæðagrein stíflast, deyr eitthvað af hjartavöðvanum á því svæði vegna skorts á sírefni og næringu. Aðliggjandi svæði í hjartanu verður einnig fyrir méiri eða minni næringarskorti og truflun á eðlilegri starfsemi. Svo getur farið, að blóðþrystingur falli, og eykst þá enn sírefnis- og næringarskorturinn á hinu sjúka svæði. Í slíkum tilfellum getur það skipt sköpum að beita hjálpartækjum (gervihjörtum) um stundarsakir til þess að hækka blóðþrysting og auka þar með blóðstreymi í kransæðum. Með þessu móti getur hluti sjúka hjartavöðvans orðið lífvænlegur aftur, svo að hjartad getur afkastað sínu starfi án aðstoðar og sjúklingurinn lifir. Á þennan hátt hefur mörgum hjartasjúklingum verið bjargað. Fjöldi sjúkrahúsa erlendis hefur tekið þessa tækni í þjónustu sína, og það verðum við einnig að gera hér á Íslandi.

## Frá Hjartasjúkdómafelagi íslenzkra lækna

Á FJÖLMENNUM fundi í Hjartasjúkdómafelagi íslenzkra lækna, er haldinn var 6. apríl s.l., fluttu erindi þeir læknarnir Gunnar Gunnlaugsson og Árni Kristinsson. Skýrði Gunnar þar frá nýrri tegund skurðaðgerða við kransæðasjúkdóma, en þessari aðferð er nánar lýst í grein Gunnars, sem birt er í þessu blaði.

Í erindi sínu skýrði Árni einkum frá notkun sérstaklega útbúinna sjúkrabifreiða (s. k. „Heartmobil“) sem ætlad er að koma sjúklingum með kransæðastíflu sem skjótast undir læknishendur.

Á fundinum var samþykkt eftirfarandi tillaga:

„Fundur í Hjartasjúkdómafelagi íslenzkra lækna, haldinn 6. apríl 1971, ályktar, að vindu beri bráðan bug að því að endurskipuleggja flutninga og sjúkrahúsvistun sjúklinga með ein-kenni um bráða kransæðastíflu í Reykjavík og nágrenni. Haft verði að markmiði, að sjúklingar þessir komist með sem minnstri töf til sérhæfðrar rannsóknar og meðferðar. Í samræmi við reynslu annarra þjóða, telur fundurinn tímabært, að tekin verði í notkun sérstaklega útbúin sjúkrabifreið í þessu skyni.

Fundurinn vekur athygli á nýjum viðhorfum vegna framfara í skurðað-

gerðum við kransæðasjúkdóma og telur, að nauðsynlegt sé að hefja þegar undirbúning að slíkum skurðaðgerðum hér á landi“.

Á fundinum voru kosnar tvær nefndir lækna til að vinna að framgangi þessarar tillögu: skurðaðgerðarnefnd og sjúkraflutninganefnd.

Hjartasjúkdómafel. íslenzkra lækna var stofnað 1968, og var fyrsti formaður þess próf. Sigurður Samúelsson. Núverandi formaður er Snorri P. Snorrason, en aðrir stjórnarmenn eru Magnús Ólafsson, gjaldkeri, og Nikulás Sigfússon, ritari. Félagsmenn eru nú 35.

# Árskýrsla Rannsókarstöðvar Hjartaverndar

## Starfsárið 1.3. 1970–28.2. 1971

Í BYRJUN þessa starfsárs stóð rannsókn á konum á aldrinum 41—60 ára, er búsettar voru í Gullbringu- og Kjósarsýslu ásamt Keflavík, en jafnframt var verið að undirbúa rannsókn á Akranesi ásamt Mýra- og Borgarfjarðarsýslu (sjá Árskýrslu Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar 1/3 '69 —28/2 '70).

### I. RANNSÓKN Í GULLBRINGU- OG KJÓSARSÝSLU ÁSAMT KEFLAVÍK

Rannsókn á konum á þessu svæði hófst í febrúar 1970 og lauk í byrjun september 1970. Alls var boðið 1.030. Tvö boðsbréf voru send. Því fyrra svöruðu 634 eða 61,5%. Þeim konum, er ekki svöruðu þessu bréfi, var sent annað boðsbréf.

Til skoðunar komu alls um 680 eða 66%. Rannsóknar- aðferðir voru hinar sömu og notaðar voru við karlarannsókn, þó var einnig gerð leit að þvagfærasýkingu hjá konum (Uriglox-próf). Ef þvagfærasýking fannst, var einnig tekin röntgenmynd af nýrum (urography).

### II. RANNSÓKN Í MÝRA- OG BORGAREFJARDARSÝSLU ÁSAMT AKRANESI

Í síðustu árskýrslu var gerð nokkur grein fyrir undirbúnini þessara rannsóknar.

Við undirbúnini var höfð samvinna við forráðamenn Sjúkrahússins á Akranesi og Hjarta- og æðaverndarfélögini á Akranesi og í Borgarnesi.

#### Húsnaði.

Sjúkrahúsið á Akranesi lagði til húsnæði í nýbyggingu sjúkrahússins. Var hér um að ræða þrjú rúmgóð herbergi ásamt salerni. Eitt þessara herbergja var búið búningsklefum, og ritari hafði jafnframt aðstöðu þar. Hin tvö herbergin voru notuð sem skoðunarherbergi. Sjúkrahúsið lagði til nauðsynlegan húsbúnað.

#### Tæki.

Sjúkrahúsið á Akranesi keypti öndunarmæli (Vitalograph spirometer) og augnþrýstingsmæli (Schiötz) og lánadíi rannsóknarstöðinni, ennfremur útvegaði sjúkrahúsið hæðarmæli og vog ásamt blóðþrýstingsmæli. Hjartalínu-

rit var fengið að láni frá Læknadeild Háskóla Íslands fyrir tilstilli próf. Jóhanns Axelssonar.

#### Starfsfólk.

Eftirtalið starfsfólk var ráðið: hjúkrunarkona, er vann hálfan daginn, ritari, eð vann allan daginn, og tvær aðstoðarstúlkur, er unnu hálfan daginn. Á meðan rannsókn á konum stóð yfir, var einnig bætt við starfsstúlku, er vann hálfan daginn.

Starfsfólk þetta var þjálfað á Rannsóknarstöðinni í Reykjavík um hálfus mánaðar skeið, áður en rannsókn hófst á Akranesi, nema hjúkrunarkona nokkuð skemmri tíma.

#### Framkvæmd rannsóknarinnar.

Boðið var til rannsóknar öllum körlum og konum, sem búsett voru á Akranesi og í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 1. desember 1969 og fædd voru árin 1910—1929 (41—60 ára).

Alls voru þetta 746 karlar og 641 kona eða 1387.

Til rannsóknar komu 960 eða 69,2%.

Gerðar voru sömu rannsóknir og við hina kerfisbundnu rannsókn í Reykjavík, þó með þeirri undantekningu, að röntgenmyndir af hjarta og lungum voru aðeins teknar af þeim þáttakendum, er læknir taldi sérstaka ástæðu til að rannsaka nánar á þennan hátt. Var þetta gert vegna þess, að röntgentæki, hentugt til hóprannsókna, var ekki til staðar.

Sérþjálfuð aðstoðarstúlka framkvæmdi þvagrannsókn og sökkmælingu, en aðrar blóðrannsóknir voru gerðar á rannsóknarstöðinni í Reykjavík. Voru blóðsýni send daglega til Reykjavíkur og sömuleiðis hjartalínurit, spurningalistar og önnur gögn. Niðurstöður voru færðar á gataspjöld og sjúkraskrá skrifuð í rafreikni á sama hátt og í hóprannsókninni í Reykjavík.

Sjúkraskrá var gerð í þríriti. Var eitt eintak sent við-komandi héraðslækni, eitt eintak var afhent Sjúkrastöðinni í Reykjavík.

Læknar Rannsóknarstöðvarinnar í Reykjavík fóru til Akraness þrisvar í viku og framkvæmu læknisskoðun.

Rannsóknin hófst 16. marz og lauk 3. júlí.

### III. RANNSÓKN Í REYKJAVÍK

Samkvæmt áætlun um kerfisbundna rannsókn fólks á Reykjavíkursvæðinu átti að rannsaka á þessu starfsári þann hóp karla, er kom til skoðunar fyrsta starfsárið, það er s.k. B-flokk, en það eru þeir karlar, sem fæddir eru 1., 4., 7. o. s. frv. hvers mánaðar á þeim 16 árum, er valin voru.

Ennfremur skyldi boða annan hóp úr sömu árgögum í fyrsta sinn, og varð fyrir valinu s.k. C-hópur, en það eru þeir karlar, er fæddir eru 2., 5., 8. o. s. frv. hvers mánaðar.

Var byrjað að senda út boðsbréf til þessara hópa 4. september og hófst rannsókn þann 18. s. m.

Rannsóknaraðferðir voru þær sömu og fyrsta starfsárið. Mæling á fríum fitusýrum og B-lipoproteinum er þó ekki gerð af ástæðum, er greinir í fyrri skýrslum.

Tekið var í notkun nýtt eyðublað (stöðvarkort VIII), en þar er þáttakandi spurður, hvort hann hafi þurft á læknishjálp að halda undanfarna 12 mánuði, og ef svo er, hvers vegna og hvort þáttakandi hafi verið frá vinnu vegna sjúkdómsins og hve lengi.

Nokkrar minniháttar breytingar voru gerðar á eyðublaði II og VII, þannig að hægt væri að skrá vissar viðbótarupplýsingar, svo og til þess að rafreiknir gæti skrif-að út vissar sjúkdómsgreiningar til viðbótar í sjúkraskrá.

Þann 28/2 1971 höfðu verið skoðaðir um 2150 karlar úr B og C hópum, en samtals var boðið 5713. Hver þátttaka verður í þessum áfanga, er ekki enn ljóst, en svo virðist sem svörun við I. boðsbréfi sé svipuð og 1967—'68.

#### EFNAMÆLINGAR

Allar sömu mælingar voru gerðar á blóði og þvagi og árið áður, nema farið var að nota hemacombistix ræmur í stað labstix við mælingar á þvagi.

Munurinn liggur í því, að ketónar eru ekki mældir með hemacombistix, en það er gert með labstix. Þessi mæling var ekki talin hafa neitt gildi fyrir rannsóknina, en hemacombistix ræmur eru ódýrari en labstix.

1. október hóf störf hér við efnamælingar og sykurþol Kristín Bjarnadóttir meinatæknir, eg vinnur hún 60% úr degi.

Aðrir meinatæknar eru þeir sömu og áður, og eru þeir þá alls þessir:

1) Helga Helgadóttir	allan daginn
2) Hrafnhildur Jónsdóttir	— —
3) Björk Snorradóttir	60%
4) Kristín Bjarnadóttir	60%

Á árinu hefur verið mælt blóð úr 4.265 mönnum á Reykjavíkursvæðinu, Gullbringu- og Kjósarsýslu og 959

frá Akranesi og 151 frá Akureyri. Einstakar mælingar hafa verið gerðar sem hér segir:

Kolesterol og þríglycerið frá Landspítala og nokkrum öðrum spítöllum alls 504, þar af 472 frá Landspítalanum. Ýmsar mælingar úr sjúklingum, sem komið hafa hingað á stöðina án þess að fá fullkomna skoðun, svonefndir x menn voru á árinu 107.

Tæki voru engin keypt ný á árinu, og má því á næsta ári gera ráð fyrir nokkuð auknum viðhaldskostnaði á tækjum.

Lifefnafræðingur vinnur nú aðeins lausráðinn við eftirlit og gæzlu tækja og birgða til efnamælinga og situr stundum úrvinnslufundi.

#### RANNSÓKN Á AKUREYRI, Í EYJAFJARDARSÝSLU OG 3 HREPPUM S.-PINGEYJARSÝSLU

Á síðastliðnu ári fóru fram nokkrar viðræður milli forráðamanna Hjartaverndar og Sjúkrahússins á Akureyri og Hjarta- og æðaverndarfélags Akureyrar.

Var ákveðið að framkvæma hóprannsókn á Akureyri og í Eyjafjarðarsýslu á fólk á aldrinum 41—60 ára.

Forráðamenn Hjarta- og æðaverndarfélags Akureyrar unnu síðan að undirbúningi þessarar hóprannsóknar í samráði við sérfraeðinga stöðvarinnar í Reykjavík.

Framlög margra einstaklinga og fyrirtækja á Akureyri tryggðu fjárhagsgrundvöll þessarar rannsóknar.

#### Rannsóknarsvæði:

Ákveðið var að bjóða til rannsóknar öllum körlum og konum á aldrinum 41—60 ára, sem búsett voru skv. þjóðskrá 1. desember 1970 á Akureyri, í Eyjafjarðarsýslu og í þrem hreppum S.-Pingeyjarsýslu, þ. e.: Grýtubakka-hreppi, Ljósavatnshreppi og Svalbarðsstrandarhreppi. Alls eru þetta um 2.600 manns.

#### Tæki:

Fest voru kaup á nauðsynlegum tækjum, þ. á meðal hjartarafrita af svipaðri gerð og notaður er á stöðinni í Reykjavík. Keypur var öndunarmælir (Vitograph) og augnþrýstingsmælir (Schiöetz), blóðþrýstingsmælar o. fl. Varðandi röntgenmyndatöku var ákveðið að hafa sama hátt á og á Akranesi, þ. e. að senda til myndatöku aðeins þá, er læknir taldi sérstaka ástæðu til að rannsaka á þann hátt.

#### Starfsfólk:

